

Forvarnastefna Garðabæjar 2020

Forvarnastefnan leggur áherslu á:

Upplýst-, öruggt-, öflugt-, hvetjandi-, ábyrgt, og heilsueflandi samfélag.

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar hefur fengið það verkefni að fylgja eftir stefnumótun og þróun forvarna í bæjarfélaginu. Nefndin sinnir forvörnum í bænum í víðum skilningi.

Forvarnastefnan er nú sett fram í **áhersluþáttum** sem miða við samfélagið allt. Áhersluþættirnir eru **upplýst-, öruggt-, öflugt-, hvetjandi-, ábyrgt, og heilsueflandi samfélag**. Hver áhersluþáttur tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem birtist með táknmyndum þeirra kafla sem tengingin á við og bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt að stefna að. Innan þessara áhersluþátta eru talin upp **leiðarljós** sem unnið skal að með tilteknum verkefnum.

Verkefnalistinn er síðan birtur í töflu þar sem tilgreindar eru „**stoðir**“ og í hverri stoð eru sett fram „**markmið**“, tiltekinn er „**markhópur**“, gefinn er upp „**tengiliður**“ innan bæjarkerfisins og síðan í hverju „**aðgerðir**“ eru fólgnar. Með þessu er stefnt að því að hafa ávallt yfirsýn yfir forvarnir í Garðabæ og við hvern skal tala varðandi þau verkefni sem eru í gangi. Með þessari framsetningu sést að forvarnamál ná til fleiri þátta en áfengis og tóbaksnotkunar eða annarra heilsuspillandi vímuefna.

Velliðan og velsæld allra íbúa skapar gott samfélag og því mikilvægt að stuðla að því með heilsueflandi aðgerðum byggðum á bestu fáanlegum upplýsingum og rannsóknum. Samstarf og samvinna allra forvarnaraðila er afgerandi þáttur til að ná árangri eins og sannast hefur með áþreifanlegum hætti í faraldrinum sem geisað hefur í heiminum af völdum Covid 19. Upplýst samfélag sem nýtir sér gangvirk, rafræna **úrræði og** samskipti stuðlar að auknu öryggi. Ljóst er að samvinna milli lykilaðila svo sem skóla, íþrótt- og tómstundafélaga og uppeldisaðila hefur skilað góðum árangri. Allt starf sem lýtur að börnum og ungmennum, svo sem innan skóla, foreldrafélaga/ráða og íþrótt- og æskulýðsfélaga er í grunninn forvarnastarf sem stöðugt stendur frammi fyrir því að aðstæður breytast hratt í flóknu, mannlegu og tæknilegu samfélagi. Kannanir á högum og líðan barna og ungmenna í Garðabæ sýna að þeim líður almennt vel. Nær öll börn og ungmenni taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi og eru jákvæð í námi og leik. Góður mælikvarði er að mjög mikið hefur dregið úr neyslu áfengis, tóbaks og fíkniefna hjá börnum og unglingum í efstu bekkjum grunnskóla. Má þakka það samstilltu átaki heimila og allra þeirra sem koma að vinnu að forvarnamálum. Til að ná enn frekari árangri þarf sérstaklega að huga að þeim sem eru 16 ára og eldri. Efla þarf sjálfsmynd þeirra og félagsfærni og hvetja til umræðu um jafnrétti og heilbrigða lífshætti. Vinna þarf markvisst gegn áhættuhegðun og brottfalli úr skóla **eða atvinnulífi**, minnka neyslu tóbaks, áfengis og vímuefna hjá þessum aldurshópi. Aðstoða þarf ungmenni sem eiga erfitt uppdráttar að finna styrk sinn, hæfileika og áhugasvið. **Í heilsueflandi Garðabæ er horft til fimm aldurshópa eftir grunnskóla, 18-30 ára, 31-44 ára, 45 til 66 ára, 67-80 ára og 81 árs og eldri. Samkvæmt upplýsingum Embættis Landlæknis frá 2017 þarf sérstaklega að huga að líðan hópsins 18-44 ára þar sem hátt í 25% segist líða illa, upplifa kvíða, streitu og einmanaleika. Unnið verður að nánari greiningu á velsæld í Garðabæ og aðgerðaráætlanir byggðar á þeirri greiningu.**

Upplýst samfélag

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Leiðarljós:

- Nýta bestu rannsóknir og mælingar til að koma á framfæri nýjustu upplýsingum við upplýsingagjöf og áætlanagerð.
- Að aðgerðaáætlanir séu útfærðar á grundvelli bestu þekkingar og rannsókna.
- Bæta samstarf, upplýsingaflæði og þjónustu við félög og íbúa bæjarins.
- Eiga gott samstarf við aðra forvarnaraðila.
- Aðgerðir séu í takt við Barnasáttmála- og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Efla fræðslu um kynjafræði s.s. kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu.

Athugasemd [HÁ1]: Gagnreyndra rannsóknna

Athugasemd [HÁ2]: Hafa barnasáttmálann sýnilegan á veggjum og á skrifstofum. Ég náði í plaggð hjá Barnaheill og er með þau inni á skrifstofu. Taka þarf ákvörðun um fjármagn til að ramma þá inn og setja upp.

Athugasemd [BF3]: Athuga hér orðfæri með samtökum '78

Upplýst samfélag

Stoðir	Markmið	Markhópur	Tengiliður	Aðgerðir
Rannsóknir og Greining	Hagir og líðan nemenda	Grunn- og framhaldsskólar	Skólaskrifstofa	Kynning
Espad rannsókn	Yfirlit stöðu nemenda í Evrópu	Skólabörn	Skólaskrifstofa	Samanburður
Skólapúlsar	Nám og félagsstarf skóla	Allir nemendur	Skólaskrifstofa	Kynning
Tölfræði	Nýting á ýmsum þjónustubáttum	Allir íbúar	Upplýsingafulltrúi	Kynning
Skólapúlsar	Nám og félagsstarf skóla	Allir nemendur	Skólaskrifstofa	Kynning
Barnasáttmáli	Stöðumat	0-18 ára	Skólaskrifstofa	Kynningar
Heimasíða og samfélagsmiðlar Garðabæjar	Forvarnaupplýsingar	Allir bæjarbúar	Vefstjóri Garðabæjar	Uppfærsla á upplýsingum
Heimasíða Garðabæjar	Ábendingar frá íbúum	Allir íbúar	Vefstjóri Garðabæjar	Opið
Samstarfssamningur félagsamtök	Innihaldi stefnu Gb um velferð barna	Leiðbeendur og forvstufólk	Íþróttafulltrúi	Fræðsla um verkleg

Öruggt samfélag

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Leiðarljós:

- Lögum og reglum um barnavernd, skólaskyldu og útivistartíma sé framfylgt.
- Netöryggismálum og viðmiðum um skjátíma sé haldið á lofti.
- Rafrænni vöktun sé komið upp á völdum stöðum.
- Umferðaröryggi og öryggi gangandi vegferenda sé eftt.
- Nágrannaábyrgð og samtakamáttur íbúa sé eflður.

Öruggt samfélag

Stoðir	Markmið	Markhópur	Tengiliður	Aðgerðir
Samfélagsleg ábyrgð	Barnavernd/einelti	Félög og skólar	ÍTG	Móttaka ábendinga
Reglur	Útivistartími	Foreldrar og börn	ÍTG	Auglýsingar og seglar um viðmið
Netöryggi	Skjátími og samfélagsmiðlar	Börn, unglíngar	Skólar	Fræðsla – seglar um viðmið
Rafræn vöktun	Fælingarmáttur, rekjanleiki	Íbúar	Tölvudeild	Öryggismyndavélar
Umferðaröryggi	Bæta umferðamál við skóla og íþróttamannvirki	Skólabörn	Skipulag	Skipuleggja göngu og hjólaíeðir, hjólastæði
Nágrannavarsla	Samtakamáttur gegn innbrotum, þjófnumum og skemmdarverkum	Íbúar	VefstjóriLögreglan	Götustjórar, skilti
Velferðartækni	Öryggi heima og að heiman	Íbúar	Fjölskyldusvið	Fræðsla og aðgengi
Almannavarnir	Samræma viðbrögð við yfirvofandi vö	Íbúar	Upplýsingastjóri	Miðlun upplýsinga

Athugasemd [BF4]: Þarf ekki einhver að vera tengiliður úr stjórnsýslunni

Athugasemd [KJ5]: Bætt við í ljósi C19

Öflugt samfélag

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Leiðarljós:

- Viðburðir á sviði íþróttar-, æskulýðs- og menningarstarfs séu haldnir fyrir alla aldurshópa.
- Samstarf við félög, stofnanir og samtök sem leggja áherslu á fjölskylduvæn gildi, almenna lýðheilsu og uppeldisskilyrði barna og ungmenna.
- Virkja foreldra, fjölskyldur, íbúa, stofnanir og fyrirtæki til samstarfs og uppbyggingar á félagsauði.
- Önnur verkefni sem efla félagsauð og samtakamátt vítt og breitt í samfélaginu.

Öflugt samfélag

Stoðir	Markmið	Markhópur	Tengiliður	Aðgerðir
Íþróttir	Þroski og vöxtur, virkni – fjölbreytni - vellíðan	5 -18 ára	Íþróttafulltrúi og félög	Hvatapeningar
	Liðsheild - virkni - áskoranir	15 -18 ára		Hvetja til þátttöku í skipulögðu starfi
	Keppni - afreksuppeldi	Unglingar og fullorðnir		Stuðningur í formi aðstöðu og styrkja
Heilsurækt	Almenningsíþróttir	19 – 66 og 67+	ÍTG	Heilsueflandi samfélag
Listir	Félagsauður, samvera, menning og skapandi starf	Allir íbúar	Tónlistarskóli, menningarfélög	Jazzhátíð, Jónsmessuhátíð, listadagar
Félags- og tómstundastarf	Að tilheyra, vera tekinn með, samvera, fá hlutverk.	Allir íbúar	ÍTG félagsmiðstöðvar	Virk dagskrá
Forvarnavika Garðabæjar	Forvarnaskilað	Foreldrar/samfélag	Forvarnafulltrúi	Virkja skóla, stofnanir og félagasamtök

Hvetjandi samfélag

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Leiðarljós:

- Að allir íbúar hafi aðgang að skólum og/eða atvinnulífi.
- Að ýta undir félags- og tómstundastarf fyrir íbúa með því að efla fjölbreytileika félagasamtaka og stofnana.
- Þjóða ný virkniúrræði í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og félög.
- Stuðla að valdeflingu og sjálfsstyrkingu einstaklinganna.
- Aðstoða þá sem eru óvirkir og þurfa hvatningu til að komast af stað.

Hvetjandi samfélag

Stoðir	Markmið	Markhópur	Tengiliður	Aðgerðir
Félagsmiðstöðvar	Þátttaka í félagsstarfi	Unglingar og eldri borgarar	Forstöðumenn	Skipulagt starf
Fristundaheimili	Skipulagt fristundastarf	Börn 6-10 ára	Forstöðumenn	Skipulagt starf
Tómstundastarf Garðahraun	Fristundaúrræði fatlaðra	Börn 6-16 ára	Skólaskrifstofa	Skipulagt starf
Leik og grunnskólar	Skólabragur, forvarnaáætlanir	Nemendur	Skólastjórnendur	Starfsáætlanir
Framhaldsskólar	Félagsleg virkni og forvarnaáætlanir	Nemendur	Skólastjórnendur	Samstarf vegna nýnema
Tónlistarskólar	Verkefni við hæfi	Nemendur	Skólastjórnendur	Viðburðir
Menningarverkefni	Örvun samfélags	Félög/hópar	Menningarfulltrúi	Viðburðir
Vinnuskóli	Allir fá möguleika – Skólaforðun	14 – 16 ára	Vinnuskóli og félagsmiðstöðvar	Virkniúrræði Sumarstarf
Atvinnuáttak	Sumarvinna skólafólks	17 – 25 ára	Mannauðsstjóri	Vinnuframboð
Samstarfssamningar	Íþróttar- og tómstundafélög	Allir aldurshópar	ÍTG	Styrkir
Ferðastyrkir og afrekssjóður	Ýta undir árangur	Landsliðsfólk	ÍTG	Styrkir

Ábyrgt samfélag

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Leiðarljós:

- Bregðast hratt við breytingum og nýjum áhættuþáttum.
- Styðja og styrkja forvarnaáætlanir í skólum, stofnunum og í starfi félagasamtaka og fyrirtækja.
- Hvetja til þess að lög og reglur séu virtar.
- Sporna gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og unglinga og takmarka aðgengi.
- Efla og styðja við foreldra og forráðamenn í uppeldishlutverki sínu með fræðslu og hlutunstuðningi.

Athugasemd [HÁ6]: Flóttafólk hefur í meiri mæli verið að flytjast til Garðabæjar (aðilar sem tengjast ekki flóttamannaverkefninu okkar) Ég myndi vilja setja aðgerð sem miðar að sérstökum stuðningi við þann hóp með samstilltu átaki fjölskyldusviðs, fræðslusviðs og íþrótta-tómstunda- forvarnarfulltrúa þar sem hlutverk hvers og eins er skilgreint, til að tryggja aðlögun þessa hóps og hjálp til sjálfshjálpar.

Athugasemd [HÁ7]: stuðningi

Ábyrgt samfélag

Stoðir	Markmið	Markhópur	Tengiliður	Aðgerðir
Forvarnaáætlanir	Eftirfylgni, uppfærsla áætlana	Félög, skólar og stofnanir	Stjórnendur	Árleg uppfærsla
Samstarfssamningar félagasamtaka	Viðmið varðandi forvarir, jafnrétti, einelti o.fl. Samræmi í úrvinnslu.	Stjórn, leiðbeinendur og þjálfarar	ÍTG	Eftirfylgni og samvinna
Eftirlit og leyfisskyld fyrirtæki	Samstarf, lög og reglur, aðgengi	Verslanir, veitingahús	Eigendur fyrirtækja	Eftirfylgni
Hættumat stofnana	Vinnueftirlit / heilsa	Stjórnendur	Sviðsstjórar	Eftirfylgni
Atvikaskráning	Slys, greina slysgildirur	Starfsfólk	Stjórnendur	Skráning
Ábendingavefur	Uppræta hættur í umhverfi	Íbúar	Tæknideild	Skráning/úrvinnsla
Brottfall úr framhaldsskóla	Eftirfylgd/skráning	Framhaldsskólaaldur	Félagsþjónusta	Virkniúrræði
Samstarf við vinnumarkað	Virkniúrræði	skólaforðun / kulnun	Fræðslu og Menningarsvið	Samvinna
Stuðningur við atvinnumissi	Atvinnumiðlun	18 ára +	Félagsþjónusta	Virkniúrræði
Velferð barna	Reglur, viðmið, fræðsla	Starfsfólk stofnana	Félagsþjónusta	Inngrip
Persónuvernd	Virða friðhelgi einkalífs	Allir	Öll svið	Upplýsingagjöf
Umferðaröryggi	Börn á ferð/almennigur	Allir	Tæknideild/skólar	Fylgja reglum
Tryggingar	Starfsemi váttryggð	Stofnanir og starf	Bæjarstjórn	Samningar
Löggæsla	Minna heimilisofbeldi	Allir	Lögreglan	Tilkynningagátt

Athugasemd [HÁ8]: Mikilvægt og þarft verkefni sem nauðsynlegt er að útfæra.

Athugasemd [HÁ9]: Þetta atriði er mjög mikilvægt, en fjölskyldusvið Garðabæjar hefur ekki verið með sérstök virkniúrræði fyrir þennan hóp. Sérstaklega mikilvægt á þeim tímum sem núna eru uppi. Við höfum sett okkur í samband við Rauðakrossinn og svo eru einnig hugmyndir um samstarf við Hugarafi vegna einstaklinga sem glíma við erfiðleika af geðrænum toga.

Athugasemd [HÁ10]: Velti fyrir mér markmiðunum barna, snúa þau að því að búa til reglur og viðmið?

Heilsueflandi samfélag

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Leiðarljós:

- Lýðheilsa verði lögð til grundvallar allri ákvarðanatöku á vegum bæjarins.
- Uppbygging á íþróttta-, tómstunda- og menningaraðstöðu.
- Efla heilsurækt, hreyfingu og bæta andlega og líkamlega heilsu, líkamsvitund, félagsfærni og geðrækt.
- Bæta opin svæði, stíga, hjóla- og gönguleiðir og stuðla að vistvænni umferð.
- Efla meðvitund um mikilvægi góðs mataræðis, svefns og hollustu.

Heilsueflandi samfélag

Stoðir	Markmið	Markhópur	Ábyrgð	Aðgerðir
Heilsuáttak	Velsæld íbúa	0-18, 19-45, 46-66, 67-79 og 80+	ÍTG	Aðgerðaráætlun 2021 með Capacent
Íþróttamannvirki	Þjóna breiðum hópi fólks	Allir íbúar	ÍTG / bæjarstjórn	Uppbygging og rekstur
Skíðasvæði	Hreyfing og útivera	Allir íbúar	ÍTG	Snjóframleiðsla, göngubrautir og lyftur
Opin útivistarsvæði	Hreyfing og útivera Aðgengi allra	Allir íbúar	Skipulag og tæknisvið	Leik- og sparkvellir Stígagerð og merking gönguleiða
Frístundastyrkir	Þátttaka í skipulögðu starfi og jöfnuður	5 til 18 ára og 67+	ÍTG	Hvatning til þátttöku
Mataræði	Bæta hollustu	Allir íbúar	Skólar Matarþjónusta Mötuneyti	Framboð Eigin ræktun
Heilsugæsla	Eftirlit og ráðgjöf	Allir íbúar	Heilsugæslan	Hreyfiseðlar og aðgengi að líkamsrækt
Félagsmiðstöðvar og Jónshús	Samvera, virkni, hreyfing, félagsfærni	13-16 og 67+	ÍTG	Dagskrá og eftirfylgni
Bætt umhverfi	Hreyfing, útivera, loftgæði	Allir íbúar	ÍTG/Umhverfisnefnd	Göngum/hjólum
	Hreinsun svæða - valdefling íbúa	Allir íbúar	Umhverfisnefnd	Hreinsunarátök
	Endurvinnsla - minni mengun	Allir íbúar	Umhverfisnefnd	Sorpflokkun
	Útivistarmöguleikar - CO2 binding	Skógræktarfélag	Umhverfisnefnd	Skógrækt
	Bætt hljóðvist í hverfum	Allir íbúar	Umhverfisnefnd	Hljóðmanir